

Sp.

357. Tillaga

til þingsályktunar um, að Landsbanki Íslands setji á fót útibú í Vestmannaeyjum.

Flutningsm.: Hjeðinn Valdimarsson og Jón Baldvinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um við Landsbanka Íslands, að bankinn komi á fót útibúi í Vestmannaeyjum ekki síðar en 1. jan. 1928.

Greinargerð.

Íslandsbanki hefir útibú í Vestmannaeyjum, en Landsbanki Íslands hetir, þrátt fyrir almennar óskir Vestmannaeyinga, ekki enn komið þar upp útibúi. Þetta er til mikils óhagræðis fyrir þá eyjarskeggja, sem hafa aðalviðskifti sín við Landsbankann, en hinsvegar er svo mikil viðskiftavelta í þessum kaupstað, að nægilegt verkefni ætti að vera fyrir útibú frá Landsbankanum.